

um sjónvarpsmál.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Ágúst Þorvaldsson,
Eysteinn Jónsson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að gera nú þegar fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þá stækkun sjónvarps sviðs, sem fyrirhuguð hefur verið, frá Keflavíkurstöð varnarliðsins.
2. Að ganga ríkt eftir því, að af hálfu varnarliðsins sé fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru árið 1954 fyrir sjónvarpsleyfi þess.
3. Að láta ríkisútvarpið hraða ýtarlegri athugun á möguleikum þess, að íslenska ríkið komi upp vönduðu sjónvarpi, er nái til allra landshluta og sé rekið sem þjóðlegt menningartæki.

Áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað slíks sjónvarps svo og álit sitt og tillögur um þetta mál leggi stjórn ríkisútvarpsins sem fyrst fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Utanríkisráðherra Íslands hefur nýlega veitt leyfi til þess, að kraftur sjónvarpsstöðvar varnarliðsins á Reykjanesskaga verði stórlega aukinn.

Talið er, að sjónvarpið frá hinni fyrirhuguðu stöð geti náð um byggðirnar við Faxaflóa og á Suðurlandi eða til meira en helmingis allra landsmanna.

Hér hefur mikil yfirsjón átt sér stað af hálfu ríkisstjórnar Íslands, sem henni er skylt að bæta úr.

Ekki er óeðlilegt, að varnarliðsmenn telji æskilegt að hafa sjónvarp í húsum sínum, eins og þeir geta haft í heimalandi sínu. En til þess verður samt að ætlast, að þeir sem gestir okkar lands búi þannig um hnúta, að sjónvarps sviðið sé einungis þeirra dvalarbyggð. Sé sú takmörkun á nothæfu sjónvarps sviði ekki tæknilega framkvæmanleg, verða þeir að taka því.

Enginn getur láð þjóð, þó að hún vilji ekki láta aðra þjóð yfirskyggja sig með útvarpi og sjónvarpi og fela henni þar með uppeldi æsku sinnar á svo áhrifaríkan hátt.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggja til í fyrsta lið tillögunnar, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að koma strax í veg fyrir stækkun sjónvarpsins frá því, sem það má vera samkvæmt sjónvarpsleyfi til varnarliðsins, útgefnu 1954. Það leyfi var takmarkað þannig, að nothæfar sjónvarps sendingar næðu ekki til annarra en þeirra, sem dveldust á varnarliðssvæðinu (samningssvæðinu), og leyfið afturkallanlegt, ef út af bæri.

Ekki væri samilegt — og skal alls ekki heldur hér gert — að gera Bandaríkjastjórn getsakir um, að hún muni ekki gefa eftir hið fengna leyfi, ef þess er óskað af íslensku ríkisstjórninni, sem ekki hafði veitt það í samráði við Alþingi.

Flutningsmenn telja ríka ástæðu til, að Alþingi leggi fyrir ríkisstjórnina að sjá um, að skilyrðunum, sem sett voru fyrir leyfinu 1954, verði fullnægt eftirleiðis, en á því hefur verið misbrestur. Um það er 2. liður tillögunnar.

Því verður ekki að óreyndu trúað, að Bandaríkin vilji misþjóða vinveittri smáþjóð með því að setja upp vegna sinna manna, er eiga um stundarsakir dvöl í landi hennar, sjónvarpsstöð, er trúfli andlegt lif hennar og sérþjóðlega menningarviðleitni.

Sú framkoma gagnvart Íslendingum mundi stórlega spilla sambúð þeirra við þessa þjóð, sem þeir virða mikils og kjósa að hafa samtsöðu með.

Að áliti flutningsmanna er engin ástæða til að gera ráð fyrir öðru en að bandarísk stjórnvöld bregðist vel og drengilega við þeim erindum, sem 1. og 2. liður þessarar tillögu leggja íslensku ríkisstjórninni á herðar að reka.

Í sambandi við þá sjálfsögðu ákvörðun að leyfa ekki erlendum aðila að setja upp á Íslandi sjónvarpsstöð, er nái til Íslendinga, hlýtur að koma fram spurningin um það, hvort Íslendingar sjálfir eigi að stofna og reka sjónvarpsstarfsemi.

Ýmsir telja sjónvarp alls ekki eftirsóknarvert, — aðrir álíta það aftur á móti mjög æskilegt.

En hvort sem fólki líkar betur eða verr hugmyndin um, að ríkið stofni og reki sjónvarp, má ekki draga á langinn að gera sér, svo sem unnt er, ýtarlega grein fyrir öllum hliðum þess máls.

Verði það t. d. staðreynd innan skamms — eins og spáð er — að þær þjóðir, sem ráð hafa á því, endurvarpi frá gervihnöttum tali sínu og myndum úr háloftunum um heim allan, þá verða varla skiptar skoðanir um það meðal Íslendinga, að koma þurfi upp á Íslandi sjónvarpi, er rekið sé sem þjóðlegt menningartæki og nái til allra byggða á landinu.

Flutningsmenn leggja til í 3. lið tillögu sinnar, að ríkisútvarpinu, sem hefur að undanförunu átt að hafa athugun sjónvarps málsins með höndum, verði falið að gera þá athugun ýtarlega og hraða henni. Ríkisútvarpið leggi síðan niðurstöður athugunar sinnar fyrir Alþingi.